



# Í UPPHAFI SKYLDI ENDINN SKOÐA

Samræmt námsmat í læsi í  
1. til 4. bekk í Seljaskóla

15. desember 2011.

Lokaskýrsla þróunarverkefnis

styrkt af Sprotasjóði

Verkefnisstjóri : Kristín Ármanns

**Nafn skóla:** Seljaskóli, Kleifarseli 11, Reykjavík

**Nafn verkefnisins:** Í upphafi skyldi endinn skoða, samræmt námsmat og snemmtæk íhlutun í lestri í 1. til 4. bekk.

**Nafn verkefnisstjóra:** Kristín Ármannsdóttir

**Inngangur:** Valdir voru fjórir kennarar til að vinna verkefnið. Þrír eru bekkjarkennarar með mikla reynslu af kennslu á yngsta stigi og framhaldsmenntun í lestrarfræði. Sá fjórði er reyndur sérkennari með framhaldsmenntun á því sviði. Kennarahópurinn fundaði reglulega í tvo tíma í hverri viku þann tíma sem verkefnið stóð.

Að beiðni stjórnenda skólans var ákveðið að setja markmið læsis upp í Mentor á sama hátt og gert hafði verið ári áður í stærðfræði í 1.–10. bekk til að samræmi haldist á milli námsgreina. Hópurinn var því bundinn af því að skipta hverju markmiði í 5 þrep og skilgreina þurfti hvað felist í hverju þrepi. Þessi vinna reyndist nokkuð flókin og tímafrek en ákveðið var að leggja mikla vinnu í þennan þátt því talið var að það skilaði sér þegar farið væri að vinna eftir markmiðunum.

**Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:** Tilgangur verkefnisins var að setja fram markmið í lestri og skapa samfellu í lestrarnámi í 1. til 4. bekk í Seljaskóla. Námsmat gert aðgengilegt fyrir kennara á þann hátt að auðvelt verður að fylgjast með því hvort og þá hvenær nemendur nái tilteknum markmiðum. Niðurstöður námsmats verða aðgengilegar fyrir foreldra og þeim gert auðveldara að fylgjast með framförum barnsins. Fjölbreytni í námsmati verður höfð að leiðarljósi og að hluta til unnið í samvinnu við nemendur. Framfarir verða settar fram á myndrænan hátt sem auðveldar þeim að fylgjast með framvindu námsins og verða þeim um leið hvatning til að gera betur.

**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:** Hópurinn byrjaði á að afla sér heimilda.

Aðalnámskrá grunnskóla var ígrunduð og skoðaðar voru skólanámskrár annarra skóla víðs vegar um landið til að skoða þær leiðir sem aðrir skólar fara í þessum efnum.

Lagt var upp með að öll markmið væru mælanleg og skilgreint hvað verið er að mæla með hverju mælitæki. Skráningar þurfa að vera auðveldar og niðurstöður aðgengilegar. Til að auðvelda vinnuna var markmiðum skipt í 4 þrep þó ekki sé gert ráð fyrir að nemendur hvers árgangs fylgi samsvarandi þrepi. Nemendur í 1. bekk geta náð markmiðum á öðru eða þriðja þrepi á sama tíma og nemendur 4. bekkjar eru enn að reyna við þau fyrstu. Hugmyndin er að kennarar velja raunhæf markmið fyrir hvern nemenda og skrá árangur þeirra í Mentor. Markmið eru ekki endurtekin á milli þrepa heldur stöðugt byggt á fyrri þekkingu og námsframvindan einstaklingsmiðuð. Þannig er byggð upp samfella í læsinámi nemenda í 1.–4. bekk.

Ákveðið var að gera markmið fyrir alla þætti íslenskukennslunnar og þeim skipt niður á sama hátt og í Aðalnámskránni. Þá var ákveðið að nýta þau mælitæki sem þegar eru í notkun en niðurstöður skráðar markvisst og niðurstöður settar fram á aðgengilegan hátt fyrir foreldra og nemendur. Hjá þeim nemendum sem ekki ná lágmarksviðmiðum verður strax gripið til viðeigandi ráðstafanna.

#### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins:**

- Engin ný matstæki voru búin til en til stóð að útbúa matsblöð t.d. í ritun þar sem erfitt er að mæla á annan hátt frammistöðu nemenda.
- Ekki var farið í skólaheimsóknir og ekki leitað til utanaðkomandi ráðgjafa.

#### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:**

- vinnan mun tímafrekari en gert var ráð fyrir í upphafi því ákveðið var að skilgreina hvað liggur að baki hverjum þætti frá grunni til að mælingar verði sem nákvæmastar.
- að setja framvindu fram á myndrænan hátt en verið er að leita leiða til að gera þá leið aðgengilega.

#### **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða**

**samhliða verkefnisvinnu:** Mjög mikil fagleg umræða hefur átt sér stað og vangaveltur um mikilvægi ítarlegrar skráningar sem síðan er brugðist við og unnið eftir. Tenging á milli árganga er meiri og samfella skapast í kjölfarið og nú er lestraráætlun skólans í vinnslu en þar

er byggt á vinnu kennarahópsins í þessu verkefni. Þá hafa verið lögð drög að sams konar markmiðssetningu hjá mið- og unglíngastigi og mun sú vinna hefjast innan skamms.

#### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

- **Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?** Við teljum að verkefnið hafi nú þegar haft áhrif á skólastarfið í heild. Það hefur sýnt sig að fagleg umræða hefur aukist og ákveðið hefur verið að samskonar vinna fari fram á mið- og unglíngastigi. Við það verður samfella í íslenskunámi í 1. – 10. bekk.

Í Seljaskóla er kennsla einstaklingsmiðuð og verkefnið hefur hjálpað kennurum að fylgjast með stöðu nemenda og bregðast við mismunandi námsþörfum.

#### **Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.**

##### **- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.**

Skráningar reyndust þægilegar og aðgengilegar þegar farið var að vinna efir þeim. Sumum kennurum fannst þó að bæta mætti inn í viðmiðin táknum í Mentor til að auðvelda þeim vinnuna. Það hefur nú verið gert. Umsjónarkennarar hafa séð um skráningar en sérkennari kemur að útreikningum á niðurstöðum Læsisprófa.

##### **- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?**

Markmiðin náðust fyrir utan það að tímaramminn stóðst ekki, þar sem vinnan reyndist tímafreakari en reiknað var með og tók því heldur lengri tíma er upphaflega stóð til.

Skráning á námsframvindu nemenda er nú þegar hafin og gengur vel. Kennarar þekkja vel skráningarformið í Mentor þar sem notast er við sambærilegt form og gert er í skráningum á markmiðum í stærðfræði í skólanum. Auðvelt er að skrá jafnt og þétt yfir önnina námsframvindu nemenda hvort sem er, einstakra nemenda, bekkjardeilda eða árgangs.

Kennari velur hvort foreldrar sjái skráningar jafnóðum og þær eru skráðar eða velji ákveðna dagsetningu, til dæmis við lok hvernar annar, þar sem niðurstöður eru birtar foreldrum. Gert er ráð fyrir að kennarar hvers árgangs velji hvaða form þeir hafa á því.

### **- Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?**

Litið er á markmiðin sem „lifandi“ plagg sem mun taka breytingum ef þurfa þykir og verða hér eftir í stöðugri endurskoðun.

Áframhaldandi vinna er að fara af stað og samskonar markmið unnin fyrir 5. til 10. bekk. Þá verður markmiðssetningin grunnur að lestrarstefnu skólans en verið er að vinna að henni um þessar mundir.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Sagt var frá verkefninu á almennum kennarafundi sl. vetur en ýtarlegri kynning á því var á stigsfundi kennara í 1. – 4. bekk í haust. Þá mun verkefnið verða kynnt foreldrum þegar það hefur hlotið staðfestingu Sprotasjóðs og því formlega lokið. Foreldrar fá kynningu á markmiðum hvers stigs og skráningum þeirra í Mentor. Skráningar í Mentor verða kynntar á haustfundum og námsefniskynningum í skólanum á komandi misserum. Þá verður sagt frá verkefninu á heimasíðu skólans. Foreldraráð skólans hefur nú þegar fengið að heyra af verkefninu.

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:** Þegar sótt er um styrki til skólaþróunar hefur alla jafna mikil vinna verið lögð í undirbúning og skipulagningu verkefnis auk umsóknarferlis. Þegar ekki er hægt að verða við styrkveitingu eins og sótt er um þurfa umsækjendur að endurskoða og endurmeta mikilvægi þeirra þátta sem um ræðir og takmarka verkefnið á grundvelli styrksins. Takmörkun verkefnis er alltaf ókostur þegar lagt er af stað með viðamikil verkefni. Töluverður tími fer í að endurskoða verk- og kostnaðaráætlun í upphafi vinnunnar og velja úr þá þætti sem lagðir verða til grundvallar en það er nauðsynlegt þegar fjármagn er mikið skorið niður miðað við það sem sótt er um.



Stofnað af: Kristín Ármannsdóttir (16.11.2011)  
Síðast breytt af: Kristín Ármannsdóttir (29.11.2011)